

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Isavia Innanlandsflugvellir ehf.



Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Eitt af meginmarkmiðum Isavia Innanlandsflugvalla ehf. er slysalaus starfsemi á flugvöllum. Öryggisreglurnar miða að því að minnka hættu á slysum, atvikum og öðrum atburðum sem ógna öryggi.

Stefna Isavia Innanlandsflugvalla ehf. er:

1. Að setja flugöryggi og flugvernd frammar fjárhagslegum þáttum, hagkvæmni, afkastagetu, sveigjanleika og umhverfismálum.
2. Að sjá til þess að íslenskum, sem og alþjóðlegum lögum, reglum, reglugerðum, stöðlum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði flugverndar og öryggismála sé framfylgt á flugvöllum.
3. Að lágmarka áhættu í allri starfsemi á flugvöllum þannig að hún sé ásættanleg og að hætta á flugslysi á, eða í nágrenninu sé í raunhæfu lágmarki hverju sinni.
4. Að hafa í verki fastmótað, skjalfest öryggisstjórnunarkerfi sem heldur utan um öryggismál. Ekki aðeins fyrir Isavia Innanlandsflugvelli ehf. heldur einnig fyrir hagaðila sem sinna einhverri starfsemi eða þjónustu á völlum og eru þ.a.l. undir eftirliti Isavia innanlandsflugvalla ehf.
5. Að sjá til þess að öryggisreglum fyrir flugvellina sé framfylgt.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla Isavia Innanlandsflugvalla eru sniðnar eftir gildandi lögum og reglugerðum um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum.

Reglurnar miðast við þá starfsemi sem fram fer á flugvöllum. Þeim er ætlað að draga úr áhættu og auka öryggi starfsmanna og farþega sem um völlinn fara.

Þjónusta við loftför og farþega krefst sérmenntunar og vel þjálfaðs starfsfólks sem leysir verk sín hratt og fumlaut af hendi við aðstæður sem krefjast ýtrustu árvekni.

Komi upp athugasemdir um atriði í þessum reglum, skal þeim skilað skriflega með undirritun til Isavia Innanlandsflugvalla, til umfjöllunar eða leiðréttinga.

F.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Framkvæmdastjóri Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Tengiliðir og upplýsingar

isavia@isavia.is	Reykjavík	Akureyri	Egilsstaðir
Vaktstjóri	894-3201	896-1270	893-1557/424-5635
Flugturn	424-4040	424-4030	424-4020
Kort	www.map.is/area2/birk	www.map.is/area2/biar	www.map.is/area2/bieg

Tilgangur

Öryggisreglur Isavia Innanlandsflugvalla er ætlað að útskýra gildandi kröfur, skyldur og öryggisstaðla varðandi starfsemi á flugvællinum. Isavia Innanlandsflugvellir starfrækir öryggisstjórnunarkerfi (SMS) í samræmi við ICAO Annex 19 og reglugerð ESB nr. 139/2014. SMS er kerfi sem tryggir skipulega nálgun að öryggismálum og felur í sér:

- Að tryggja að öryggi sé í forgangi í allri starfsemi.
- Að lágmarka áhættu í rekstri flugvallarins með kerfisbundinni greiningu og úrbótum.
- Að stuðla að stöðugri umbótamenningu í öryggismálum.

Uppbygging og ábyrgð

- Öryggis- og gæðastjóri ber ábyrgð á innleiðingu og viðhaldi SMS.
- Stjórnendur og starfsmenn bera ábyrgð á að fylgja ferlum SMS og tilkynna öryggisfrávik.
- Samráðshópar (flugbrautar- og hlaðöryggi) styðja við framkvæmd SMS.

Helstu þættir öryggisstjórnunarkerfisins

1. Áhættustjórnun

- Greining hættna (hazard identification).
- Mat á áhættu og mildunaraðgerðir.
- Breytingastjórnun fyrir framkvæmdir og breytingar.

2. Eftirlit með mælikvörðum

- Notkun árangursmælikvarða (SPIs og SPTs).
- Regluleg rýni á árangri í samráðshópum og í úttektum.

3. Atvikaskráning og greining

- Öll atvik og næstum því atvik skráð í Opscom.
- Greining og úrvinnsla atvika.

4. Öryggisfræðsla

- Fræðsla og þjálfun fyrir alla starfsmenn.
- Öryggisátak og kynningar til að efla öryggismenningu.

5. Stöðugar umbætur

- Regluleg endurskoðun á öryggisreglum og verklagi.
- Úttektir og umbætur byggðar á niðurstöðum.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Umfang

Öryggisreglurnar gilda fyrir alla sem eiga erindi inn á flugvöllina – sjá dæmi en takmarkast ekki við eftirfarandi:

- Starfsfólk Isavia Innanlandsflugvalla ehf.
- Starfsfólk lögreglu- og tollstjóraembættisins.
- Starfsfólk notenda (flugrekenda) á Innanlandsflugvöllum.
- Starfsfólk verktaka sem vinna fyrir einhverja ofangreindra stofnana eða fyrirtækja og þurfa skammtíma- eða almenn leyfisskírteini.
- Starfsmenn eldsneytis- og flugafgreiðsluaðila.
- Alla aðra starfsmenn á flugvöllum og í byggingum sem að honum liggja.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Reglur þessar eru settar með vísan til eftirfarandi laga og reglugerða:

[Lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.](#)

[Lög nr. 50/1987, um umferðarlög.](#)

[Lög nr. 80/2022, um loftferðir.](#)

[Lög nr. 75/2000, um brunavarnir.](#)

[Lög nr. 61/2013, efnalög.](#)

[Reglugerð ESB nr. 139/2014 um kröfur og stjórnábyrgðir er varða flugvelli samkvæmt reglugerð vrópubingsins og ráðsins \(EB\) nr. 216/2008](#)

[Reglugerð nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.](#)

[Reglur nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.](#)

[Reglugerð nr. 1050/2017, um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.](#)

[Reglugerð nr. 188/1990, um eldfima vökva.](#)

[Reglugerð nr. 723/2017, um eldvarnir og eldvarnareftirlit.](#)

[Reglugerð nr. 237/2014, um tæknikröfur og stjórnábyrgðir í tengslum við starfrækslu loftfara.](#)

[Reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna.](#)

[Reglugerð nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda \(VOC\), við geymslu á ensíni og dreifingu þess frá birgðastöðum til bensínstöðva.](#)

[Reglugerð nr. 282/1980, um eldsneytisafyllingar loftfara.](#)

[Reglugerð nr. 322/1990, um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis.](#)

[Reglugerð nr. 75/2016, um flugvelli.](#)

[Reglugerð nr. 750/2016, um flugvernd.](#)

[Reglugerð nr. 770/2010, um flugreglur.](#)

[Reglugerð nr. 112/2012, Byggingarreglugerð.](#)

[Reglur nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa.](#)

[Reglugerð nr. 728/2018, um gerð persónuhlífa.](#)

[Reglugerð nr. 553/2004, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðvum.](#)

[Reglugerð nr. 1129/2014, um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar.](#)

[Reglugerð nr. 888/2015, um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir af því er varðar efni \(„REACH“\).](#)

[Reglugerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja.](#)

[Reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.](#)

[Reglugerð nr. 1077/2010, um flutning á hættulegum farmi á landi.](#)

[Leiðbeiningar vinnueftirlitsins frá 2014, um að lyfta fólki með lyftara](#)

[Leiðbeiningar vinnueftirlitsins, Vinna í hæð - Fallvarnir](#)

Stofnsamningur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), viðaukar hans og leiðbeiningarefni.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Skilgreiningar:

Aðgreint flugverndarsvæði (Demarcated area): Svæði aðskilið frá öðrum haftasvæðum flugvallarins með stjórnúðum aðgangi, þar sem heimilt er að stunda almannaflug milli landa.

Almannaflug (General aviation): Flug loftfars annað en atvinnuflug og verkflug.

Almenningsvæði* (Landside): Sá hluti flugvallar sem ekki er flugsvæði, þ.m.t. öll almenn svæði.

Athafnasvæði (Movement area): Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök og landingar loftfara og akstur þeirra á jörðu, þ.e. umferðarsvæði og hlöð.

Eldsneytisbirgðastöð: Allar geymslutankar, bæði staðbundnar eða færanlegir, sem innihalda eldsneyti ætlað til áfyllingar á loftför.

Flugstöð (Terminal): Aðalbygging eða bygging þar sem afgreiðsla farþega og farangurs fer fram og þaðan sem farið er um borð í loftför.

Flugsvæði* (Airside): Athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu.

Haftasvæði (Security restricted area): Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugum. Slík svæði ná að jafnaði yfir m.a. öll brottfararsvæði á milli skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæðis farangurs, farangursskála, pósthöfva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.

Viðkvæmasta hluti haftasvæðis á flughlaði (Critical part of security restricted area on apron): Svæði í kringum millilandaloftfar í almenningsflugum sem er afmarkað með keilum og vaktað til að tryggja svæði á flugvernd.

Viðkvæmasta hluti haftasvæðis **í flugstöð** (Critical part of security restricted area in terminal): Svæði innan flugstöðvar sem aðgengilegt er þeim sem farið hafa í gegnum öryggisleit.

Könnun á bakgrunni (Background check): Bakgrunnskoðun er liður í mati á því hvort óhætt sé að heimila aðgang að haftasvæði án fylgdar.

Skimun (Screening): Beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti

Umferðarsvæði: (Manoeuvring area) Sá hluti flugvallar, sem ætlaður er fyrir flugtök, landingar og akstur loftfara, þó ekki á hlöðum. Umferðarsvæði skiptist í flugbrautir og flugvélaakbrautir.

Öryggisstjórnunarkerfi: (Safety Management System): Kerfi sem heldur utan um stjórnunarlega uppbyggingu, ábyrgð, verklag, aðferðir og ráðstafanir tengdar öryggi. Öryggisstjórnunarkerfi Isavia Innanlandsflugvalla er samþætt kerfi fyrir öryggi, gæði og vernd.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Efnisyfirlit:

Tengiliðir og upplýsingar	2
Umfang.....	4
Reglur þessar eru settar með vísan til eftirfarandi laga og reglugerða:	4
Skilgreiningar:	6
Efnisyfirlit:.....	7
1. Öryggisreglur	8
1.1. Almennt.....	9
1.2. Aðgangsstýring.....	9
1.3. Umgengni og FOD.....	9
1.4. Sýnileiki og umferð gangandi	10
1.5. Framkvæmdir og breytingar.....	10
1.6. Brunavarnir	11
1.7. Válynd veður og skyggni	11
1.8. Atvik, óhöpp og neyðarástand	11
1.9. Fræðsla og öryggiskynningar	12
2. Öryggisreglur fyrir ökutæki og loftför	12
2.1. Almennt.....	12
2.2. Ástand tækja.....	12
2.3. Skoðun og skráning ökutækja	12
2.4. Umferðarmerkingar	13
2.5. Forgangsröð umferðar	13
2.6. Hraðatakörk.....	14
2.7. Kröfur til stjórnenda ökutækja og vinnuvéla	14
2.8. Akstur á flughlaði.....	15
2.9. Farangurssvæði	15
2.10. Akstur á umferðarsvæði (flugvélaakbrautum og flugbrautum)	16
2.11. Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum utan ATC tímabils	16
2.12. Leyfi til aksturs á flughlöðum, flugvélaakbrautum og flugbrautum á Alþjóðaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla	16
3. Sérstakar öryggisreglur.....	17
3.1. Dráttartæki og aðrar vinnuvélar	17

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

3.2. Ræsing hreyfla og ýtingar eða dráttur loftfars	17
3.3. Flutningur á farþegum og farmi	19
3.4. Eldsneytisafylling loftfara	19
3.5. Afísing loftfara	19
3.6. Varasöm efni og meðferð þeirra	19
3.7. Reglur og leiðbeiningar um efnanotkun á vinnustöðum	20
3.8. Merkingar varasamra efna	20
3.9. Meðferð eldfimra efna	20
3.10. Viðbrögð við neyðarástandi	21
4. Framkvæmdir og viðhald á flugvallarsvæði	21
4.1. Viðhald og viðgerðir á loftförum utandyra	21
4.2. Vinnupallar og öryggismál	21
5. Eldsneytisbirgðastöðvar	22
5.1. Viðbrögð við umhverfisslysi eða eldsneytisleka	22
6. Vinnuvernd og heilsugæsla	22
7. Úttektir	23
8. Öryggisáætlanir flugvallanna	23
8.1. Flugbrautaröryggi (Runway Safety)	23
8.2. Öryggi á hlaði (Apron Safety)	23
8.3. FOD-forvarnir (Foreign Object Debris Prevention)	24
9. Viðaukar BIRK	24

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

1. Öryggisreglur

1.1. Almenn

Forstöðumönnum, stjórnendum og starfsmönnum er skylt að fara eftir þessum reglum. Ítrekuð eða vísitandi brot geta leitt til sviptingar ökuleyfa eða aðgangsheimilda samkvæmt reglum Isavia.

Starfsmönnum ber að tilkynna brot á öryggisreglum, atvik og næstum því atvik í gegnum tilkynningakerfi Isavia (Opscom), www.innanlandsflugvellir.is eða report@isavia.is.

Stjórnendur skulu hafa uppfærðar vinnu- og öryggisreglur sem samræmast þessum reglum og tryggja reglulega fræðslu og þjálfun starfsmanna. Reglurnar skulu m.a. kveða á um bann við að skilja eftir aðskotahluti (FOD).

Dýr eru óheimil á flugvöllum nema með sérstöku leyfi frá flugvallastjóra, og þá eingöngu til sérstakra verkefna eða starfa á flugvöllum, t.d. sprengju- og fíkniefnaleitahundar.

Notkun heyrnatóla í afþreyingarskyni er bönnuð við störf á flugvöllum og við gang um hreyfisvæði flugvallar. Þetta á þó ekki við þegar handfrjáls búnaður er notaður vegna símtala. Talstöðvasamskipti við flugturn skulu ávallt njóta forgangs.

Öryggisreglur skulu kynntar starfsfólki að lágmarki árlega og halda skal skrá um fræðslu og þjálfun.

1.2. Aðgangsstýring

Girðingar, hlið og hurðir milli almennings- og flugsvæðis skulu vera tryggilega frágengin og læst þegar þau eru ekki í notkun. Tilkynna skal rof á aðgangsvörnum, svo sem skemmdir á girðingum eða hliðum, til vaktstjóra eða í gegnum Opscom.

Halda skal 3 metra hindranalaus svæði beggja vegna girðingar, þar á meðal í vetraraðstæðum.

Aðgangsheimild er skilyrði og skal hún ávallt vera sýnileg. Tilkynna skal óheimilar mannaferðir eða grun um slíkt. Gestir skulu vera í fylgd aðila með aðgangsheimild (hámark 5 manns) og fá bráðabirgðaheimild þar sem við á.

Starfsaðilar bera ábyrgð á umferð milli almennings- og flugsvæðis í eigin aðstöðu. Við akstur um hlið skal tryggja að enginn fari í gegn á eftir. Ökumaður skal stöðva ökutæki og bíða þar til hliðið hefur lokast að fullu.

Glatist aðgangsheimild skal tilkynna það tafarlaust. Óheimilt er að afhenda aðgangskort öðrum.

Rekstraraðila er heimilt að svipta eða afturkalla aðgangsheimildir vegna brota. Notkun útrunninna heimilda er bönnuð. Skila skal aðgangsheimildum starfsmanna sem hætta störfum. Sérstakir viðburðir skulu áhættumetnir. Sjá nánar gildandi Aðgangsreglur, *SK560 01 Aðgangsreglur á millilandaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla*.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

1.3. Umgengni og FOD

Góð umgengni, snyrtimennska og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg öryggisatriði á flugvöllum og flughlöðum.

Bannað er að skilja eftir, eða líta fram hjá aðskotahlutum (FOD) á flugvallarsvæðinu.

Forstöðumenn, stjórnendur, verkstjórar og öryggisfulltrúar skulu hafa skýr ákvæði um umgengni og aðskotahluti í vinnureglum og sjá til þess að þeim sé framfylgt.

Ef aðskotahlutur er talinn alvarlegur þá skal undantekningarlaust upplýsa flugturn og flugvirkja séu þeir til taks á flugvöllinum, með talstöð eða í gegnum síma.

Það er á ábyrgð allra sem koma að starfsemi flugvallarins að fjarlægja aðskotahluti eftir því sem unnt er, eða tilkynna yfirmanni og/eða flugvallarþjónustu ef þeir geta ekki fjarlægt þá strax.

Starfsfólki ber einnig að skrá alla aðskotahluti og önnur atriði er varða öryggi flugvallarins í öryggistilkynningakerfið, sjá nánar VR500 04 Öryggisáætlun FOD hjá Isavia Innanlandsflugvöllum.

FOD sem gæti verið úr flugvél þarf að geyma og tilkynna öllum rekstraraðilum eins fljótt og auðið er.

Allur búnaður skal vera geymdur á skilgreindu geymslusvæði.

1.4. Sýnileiki og umferð gangandi

Starfsfólk á flughlöðum, flugbrautum og akbrautum skal ávallt klæðast sýnileikafatnaði með endurskini.

Við ferðir gangandi um þessi svæði skal ábyrgðaraðili fylgja hópnum, halda honum saman og hafa fullnægjandi yfirsýn (að hámarki fimm einstaklingar á hvern ábyrgðarmann). Reglurnar um fylgd og sýnileikafatnað gilda ekki um farþega á leið til eða frá loftfari.

Ávallt skal velja örugga gönguleið og fylgja merktum gönguleiðum þar sem þær eru til staðar og nota farþegabönd þegar við á.

Á þeim hluta flughlaðs þar sem snjóruðningur eða hálkueyðing fer fram er öll gangandi umferð bönnuð, aðeins nauðsynlegur akstur er leyfður og þá með sérstakri aðgæslu.

Notkun heyrnatóla í afþreyingarskyni er bönnuð við störf á flugvöllum og við gang um hreyfisvæði flugvallar. Þetta á þó ekki við þegar handfrjáls búnaður er notaður vegna símtala. Talstöðvasamskipti við flugturn skulu ávallt njóta forgangs.

1.5. Framkvæmdir og breytingar

Til þess að draga úr áhættu á að fólk verði fyrir slysi, eignir skemmist eða að veitur rofni, skulu forstöðumenn og stjórnendur sérhverrar stofnunar, fyrirtækis eða einkaaðili sækja um verkleyfi hjá

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

flugvallarstjóra hvers flugvallar áður en framkvæmdir hefjast á flugvellinum. Sama á við um efni eða búnað sem færður er inn fyrir girðingu.

Að öðru leyti gilda reglur um verklegar framkvæmdir á flugvöllum skv. lögum og HB500 04 Öryggisreglur fyrir verklegar framkvæmdir á flugvöllum.

Samkvæmt ákvæðum í reglugerðum 920/2006, 75/2016 og 1129/2014 skal gera áhættumat áður en framkvæmd er hafin. Helstu hættur skulu metnar og gerð grein fyrir mildunarráðstöfunum til að draga úr áhættuþáttum þannig að niðurstöður séu ásættanlegar.

1.6. Brunavarnir

Í samræmi við 23. grein laga nr. 75/2000 um brunavarnir skal eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana á alþjóðaflugvöllum vera á ábyrgð eiganda mannvirkis og fyrir eigið fé.

Öll meðferð opins elds og verkfæra sem geta valdið íkveikju er bönnuð á flugvöllum nema með sérstöku leyfi flugvallarstjóra og er það þá áhættumetið. Uppsöfnun rusls er óheimil með tilliti til eldhættu og öll meðferð skotelda er bönnuð á flugvöllum.

Reykingar eru bannaðar alls staðar innan flugvallargirðingar (flugsvæði).

1.7. Válynd veður og skyggni

Öryggisreglurnar miðast við venjuleg veðurskilyrði. Þegar veður versnar eykst slyshætta á öllu starfssvæði flugvallarins.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana, sem og allir starfsmenn, skulu taka mið af þeim aðstæðum sem skapast við slík veðurskilyrði og haga störfum sínum í samræmi við það.

Í lélegu skyggni eykst hætta á flugvöllum og er umferð um flug- og akbrautir því takmörkuð.

Við slæm veðurskilyrði skal jafnframt:

- auka eftirlit með FOD,
- tryggja að laus búnaður sé festur eða fjarlægður,
- draga úr aksturshraða,
- meta þörf á að fresta störfum,
- tryggja skýr samskipti.

Allir starfsmenn bera ábyrgð á að tilkynna tafarlaust ef hættulegar aðstæður skapast eða ef vart verður við FOD eða annað sem getur haft áhrif á flugöryggi.

1.8. Atvik, óhöpp og neyðarástand

Ef neyðarástand skapast eða slys á fólki verður skal tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Einnig skal tilkynna hvers konar neyðarástand, óhapp, slys eða atvik í vaksíma flugvallarþjónustunnar á viðkomandi flugvelli.

Skemmdir eða ólag á loftfari eða tækjabúnaði skal tilkynna strax til næsta yfirmanns og rekstraraðila flugvallarins.

Öll atvik og næstum því atvik skal tilkynna í öryggistilkynningakerfi Isavia (Opscom), www.innanlandsflugvellir.is eða report@isavia.is.

1.9. Fræðsla og öryggiskynningar

Forstöðumenn fyrirtækja og stofnana sem reglur þessar ná til skulu tryggja að á reglulegum öryggiskynningum sé farið yfir helstu öryggismál á hverjum tíma.

2. Öryggisreglur fyrir ökutæki og loftför

2.1. Almennt

Akstri ökutækja og vinnuvéla innan flugsvæðis og svæði einkaskýla skal haldið í lágmarki. Notkun bifhjóla, reiðhjóla og hlaupahjóla er bönnuð á athafnasvæði flugvallarins. Akstur ökutækis án aðgangsheimildar er óheimil nema aðili með gilda aðgangsheimild taki ábyrgð á akstri þess og ökutækið sé í fylgd með ökutæki sem hefur gilda aðgangsheimild og viðkomandi búnað. Áður en aðili veitir ökutæki aðgang að flugsvæði ber viðkomandi ábyrgð á að ökumaður sé upplýstur um þær akstursreglur sem gilda innan flugsvæðis.

Eldsneytisbifreiðar í þjónustu viðurkenndra birgja á alþjóðaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla, skulu vera ADR-vottaðar frá og með 1. janúar 2026. Hægt er að sækja um undanþágu á tímafrest til flugvallarstjóra.

2.2. Ástand tækja

Til að öðlast leyfi til aksturs um flughlöð, akbrautir og flugbrautir skulu ökutæki uppfylla þær kröfur um ástand sem settar eru fram hér fyrir neðan.

Öll ökutæki/vinnuvélar skulu standast skoðun og vera í lögmætu ástandi.

Ökutæki sem fyrirhugað er að aka um athafnasvæðið (akbrautir og flugbrautir) skulu vera merkt viðkomandi fyrirtæki eða stofnun á báðum hliðum, með a.m.k. 30 cm. háu og 30 cm. breiðu merki, merkingar þess skulu vera í skýrum og læsilegum litum fyrir eftirlitsmyndavélar. Ökutæki sem eru á ferð á athafnasvæði flugvallar skulu búin gulum blikkandi ljósvita (stundum kallað blikkviti eða sveifluljós) á þaki eða hæsta punkti. Glitaugu eða ásættanlegt endurskin skal vera á öllum hliðum hverskyns tækjabúnaðar sem notaður er á alþjóðaflugvelli.

Öll ökutæki sem ætlað er að aka um umferðarsvæðið (akbrautir og flugbrautir) skulu búin talstöð sem tryggir öruggt samband við flugturn.

Fyrirtæki og stofnanir sem nota ökutæki, vinnuvélar, kerrur, stiga og/eða annan slíkan búnað á flugvöllum, eru ábyrg fyrir að þau séu starfrækt í samræmi við handbók framleiðanda, eðlilegu viðhaldi sé sinnt og að halda skrá um viðhald. Þessi gögn skulu ávallt aðgengileg til skoðunar. Hvert

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

tæki skal hafa sitt númer samkvæmt tækjaskrá viðkomandi eiganda, númerið skal sýnilegt á báðum hliðum hvers tækis (u.p.b. 15 cm).

2.3. Skoðun og skráning ökutækja

Öll skráningarskyld ökutæki tengd starfsemi á flugvöllum skulu ávallt standast skoðun samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 og reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Allur vélknúinn tækjabúnaður sem ekki er skráningarskyldur samkvæmt umferðarlögum og notaður er til þjónustu við loftför skal ávallt standast skoðun samkvæmt viðkomandi reglugerð hjá Vinnueftirlitinu.

Eftirfarandi er ekki tæmandi upptalning en eru atriði sem þarf að skoða og vera í lagi:

- Ljósabúnaður ökutækisins, þ.m.t. aðalljós, stefnu- og stöðuljós bæði aftan og framan, stefnu- og aðvörunar ljós í mælaborði þar sem það á við, sem og ljósvita.
- Dagsetningar síðustu skoðunar slökkvitækja og sjúkrakassa.
- Enginn aðskotahlutur eða verkfæri laus í eða utan á ökutæki.
- Hjólbarðar og annar hjólabúnaður.
- Hemlabúnaður og handhemill.
- Talstöð sem tryggir öruggt samband við flugturn.
- Aðgangsheimild ökutækja sýnileg og í gildi.
- Fullvissa að ökutæki sé vel undirbúið fyrir veður og akstursaðstæður.
- Speglar, framrúða og aðrar rúður hreinar og heilar.

2.4. Umferðarmerkingar

Umferðarmerkingar, m.a. leiðbeiningar merkingar og aðvörunarskilti eru til staðar fyrir ökumenn í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

2.5. Forgangsröð umferðar

Í daglegri starfsemi á alþjóðaflugvöllum er kapp lagt á að áætlun flugrekenda raskist ekki. Brýnt er að öryggi sé ávallt haft í fyrirrúmi. Til að auka öryggi umferðar á flugvöllinum gildir forgangsröðun.

Á flugvöllinum hafa **loftför sem eru í landingu eða flugtaki forgang**. Þar næst er forgangsröðin eftirfarandi:

1. Neyðarbifreiðar í forgangsakstri.
2. Loftför í akstri undir eigin vélarafli.
3. Ökutæki með loftfar í eftirdagi
4. Ökutæki við snjóhreinsun, hálkuvarnir, sópun, bremsumælingar og brautarskoðanir.
5. Þjónustubifreiðar
6. Önnur tæki

Þrátt fyrir framangreinda forgangsröðun getur Turn, með hliðsjón af flugumferð, öryggi og aðstæðum hverju sinni, ákveðið aðra forgangsröðun á stjórnunum svæðum flugvallarins

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Tendra skal viðvörunarljós (Anti Collision Beacon) loftfara, áður en hreyflar eru ræstir. Öll umferð á fluglaði skal vera í öruggri fjarlægð frá loftfari eftir að viðvörunarljós hafa verið tendruð.

Umferð gangandi vegfarenda er bönnuð á flugbrautum og akbrautum, nema í neyðartilvikum og við eðlilegt viðhald. Skulu þá viðkomandi tryggja talstöðvasamband við Flugturn.

Ökumönnum og fótgangandi á flughlöðum er skylt að víkja fyrir loftförum. Stöðva ber í tæka tíð og í nægjanlegri fjarlægð frá loftfari þar til það hefur farið hjá. Bannað er að aka fram úr loftfari. Ökumenn skulu gæta þess, að ljós ökutækja trufla ekki loftför í landingu, flugtaki eða akstri á flugvellingum.

2.6. Hraðatakörk

Á flughlöðum, flugbrautum og flugvélaakbrautum eru í gildi almenn umferðarlög, lög um loftferðir, reglur um loftferðir og reglugerð um flugvelli.

Hámarkshraði ökutækja er eftirfarandi:

- 50 km/klst. á flugbrautum og flugvélaakbrautum.
- 30 km/klst. á flughlöðum.
- 10 km/klst. í námunda við loftför.

Ökutæki og vinnuvélar sem starfrækt eru til snjóruðnings, bremsumælinga og ökutæki í neyðarakstri skulu undanþegin ákvæðum í liðum a. til c. hér að ofan.

2.7. Kröfur til stjórnenda ökutækja og vinnuvéla

Helstu atriði sem ökumenn þurfa að hafa í huga við akstur á flugvelli:

- Ökumenn sem starfa sinna vegna þurfa að aka um flugvélaakbrautir og flugbrautir skulu hafa tilskilin ökuréttindi í gildi til aksturs í samræmi við landslög og hafa lokið sérstöku námskeiði sem viðurkennt er af Isavia, hafa tekið verklega kennslu á ábyrgð næsta yfirmanns og hafa staðist hæfnismat hjá hæfnismatsmanni á vegum flugvallarins. Sérstakt rafrænt námskeið þarf að ljúka við akstur á flughlöðum og þjónustuvegum.
- Ökutæki skulu ekki aka inná umferðarsvæði flugvallar (flug- og akbrautir) nema með heimild frá flugturni.
- Ökutæki skal ekki aka yfir akbraut ef loftfar er þar á ferð, a.m.k. 100 metra fjarlægð skal vera í næsta loftfar jafnt aftan sem framan við það.
- Mikilvægt er að nota stefnuljós þar sem við á til að koma í veg fyrir slys. Ökumenn eru hvattir til að gefa stefnuljós með góðum fyrirvara.
- Ökumenn eru ábyrgir fyrir að hafa ávallt stjórn á ökutækinu. Beita skal báðum höndum við stjórn ökutækis.
- Forðast skal að stilla aðalljós ökutækis á háan geisla, draga þannig úr þeirri áhættu á að blinda loftfar í akstri eða aðra umferð.
- Ökutækjum með lyftibúnaði skal ávallt ekið með lyftibúnað í eins lágri stöðu og mögulegt er.
- Á ökuleiðum annar staðar en á flughlöðum, er aðeins leyfilegt að aka fram úr hægfara ökutæki við öruggar aðstæður. Fara skal að öðru leiti eftir ákvæðum umferðalaga um framúrakstur.
- Að minnsta kosti 10 metrar skulu vera milli ökutækja á ferð þar sem 50 km ökuhraði er leyfður.
- Ökutæki skal ávallt víkja fyrir loftfari, hvort sem það er á ferð fyrir eigin vélarafli eða í drætti.
- Hvergi er leyfilegt að skilja ökutæki eftir í gangi á athafnasvæðum flugvallarins.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

- Ekki skal leggja, og forðast skal að stöðva ökutæki á merktum ökuleiðum.
- Ekki skal leggja ökutæki þar sem það kann að verða í vegi fyrir flugvél eða öðrum ökutækjum eða þar sem ökutækið gæti valdið hættu eða óþarfa óþægindum.
- Að lokinni notkun ökutækja skal taka lykla úr ökutæki og geyma á öruggum stað, þó eru slökkvibílar og björgunartæki undanskilin.
- Notkun bifhjóla er bönnuð
- Umferð gangandi vegfarenda er bönnuð á umferðasvæði nema í neyðartilvikum og við eðlilegt viðhald, með leyfi frá Turni.
- Hver sá sem situr sæti ökutækis, sem búið er öryggisbelti, skal nota það meðan ökutæki er á ferð.

2.8. Akstur á flughlaði

- Við akstur á flughlaði þarf viðkomandi að hafa lokið við A-akstursréttindi á flughlaði hjá Isavia.
- Öll farartæki skulu hafa sýnilegan aðgangspassa. Tæki sem ekki hafa akstursleyfi á opinberum vegum og eru eingöngu notuð á flugsvæði eru undanþegin þessari kröfu, að því skilyrði uppfylltu að þau séu greinilega merkt rekstraraðila flugvallar og hafi verið **skráð** og fengið **samþykki** frá umdæmisstjóra til notkunar á svæðinu.
- Ökutæki skal ekki aka yfir slöngur, jarðsambands- eða rafmagnskapla né eldsneytisleiðslur þar sem eldsneytisafylling loftfars fer fram.
- Ökutæki skal hvorki aka né leggja undir loftfari eða vængjum nema sérstök þjónusta við loftfarið krefjist þess.
- Þegar tæki er ekið að loftfari til þjónustu skal leggja áherslu á að gera það samhliða langlínu loftfarsins. Leggja skal tækinu með hjól í beinni stöðu (ekki í beygju) og að stefna tækisins sé í átt frá loftfarinu. Sérstaka aðgæslu skal viðhafa þegar nauðsynlega þarf að aka beint að loftfari.
- Þegar loftfari er lagt á stæði skal, skal setja keilur í kringum loftfarið til að afmarka öryggissvæði þess og draga úr hættu á árekstri við ökutæki, búnað eða aðra umferð á flughlaði.
- Þar sem ekki er merkt ökuleið skal lágmarksfjarlægð vera a.m.k.:
 - **5 metrar** frá ímyndaðri línu sem miðast við vængenda, nef og stél loftfars.
 - **15 metrar** frá sömu mörkum þegar eldsneytisafylling á sér stað.
- Fólk og ökutæki skulu fara um í a.m.k.:
 - 3 metra fjarlægð frá loftventlum eldsneytistanka í loftfari.
 - Vera í öruggri fjarlægð fyrir framan og aftan hreyfil í gangi og í kringum hreyfla sem verið er að gangsetja.
- Bannað er að aka hverskonar tækjabúnaði eða ökutæki aftur á bak að eða frá loftfari nema með aðstoð annars aðila sem segir ökumanni til og tryggir öryggi aftan við ökutækið.
- Farþegar mega aðeins vera í tækjum sem búin eru farþegasætum.
- Reynist nauðsynlegt að nálgast loftfar sem ýta skal frá, eða þegar er farið að ýta frá landgangi, skal fyrst hafa samband við þann starfsmann á flughlaðinu sem er í talsambandi við stjórnendur viðkomandi loftfars.
- Reynist nauðsynlegt að nálgast loftfar sem búið er að ræsa hreyfla á, skal fyrst hafa samband við þann starfsmann á flughlaðinu sem er í talsambandi við stjórnendur viðkomandi loftfars.
- Tækjabúnaður og ökutæki skulu ekki vera á loftfarastæði eða of nálægt því, þegar loftfari er ýtt úr stæðinu (sbr. þýrlur).

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

- Engu ökutæki er leyfilegt að aka inná eða yfir loftfarastæði nema ökutæki sem er notað til þjónustu við loftfar á viðkomandi stæði.
- Ökutækjum og tækjabúnaði á flughlaði skal aðeins leggja á viðurkenndum stæðum. Ekki skal leggja þjónustutækjum eða geyma þau á eða innan við öryggislínur loftfarastæða. Sérstaklega skal varast að hindra hugsanlega neyðarútgöngu farþega úr loftfari eða hugsanlega aðkomu slökkviliðs og ekki skyggja á slökkvitæki á stæðinu eða neyðarstöðvun fyrir eldsneytisáfyllingu.

2.9. Farangurssvæði

Akstur ökutækja er bannaður um þau svæði þar sem farangur er meðhöndlaður nema þeim sem koma að verkinu hverju sinni.

Bannað er að stytta sér leið um svæði þar sem ferming eða afferming farangurs loftfara á sér stað.

Halda skal flughlöðum hreinum. Sérstaka áherslu skal leggja á stæði fyrir loftför og svæði þar sem farið er með farangur og farm þar sem hætta er á afgangsumbúðum og aðskotahlutum. Þó að stjórnendur á svæðinu hverju sinni séu ábyrgir fyrir eðlilegri umgengni, þá er enginn undanskilinn ábyrgð.

2.10. Akstur á umferðarsvæði (flugvélaakbrautum og flugbrautum)

- Ökumenn skulu þekkja þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og ökutækja sem fyrirhugað er að aka inn á flug- og akbrautir (umferðarsvæðum).
- Ökumaður skal ávallt notast við rétta orðtakanotkun og lesa fyrirmæli/samskipti frá flugturni orðrétt til baka.
- Öll ökutæki á athafnasvæðinu (hlöðum, akbrautum og flugbrautum) skulu búin gulum blikkandi ljósvita, og hafa aðalljós ökutækisins stillt á lága geislann.
- Áður en ekið er inn á umferðarsvæðið (akbrautir eða flugbrautir), skal ökumaður óska akstursleyfis hjá flugturni á opnunartíma.
- Fólki eða ökutækjum er óheimilt að fara út á umferðarsvæðið (flugbrautir eða akbrautir) nema nauðsyn beri til vegna öryggis flugsins, viðhalds, endurbóta eða annarra nauðsynlegra starfa. Þegar beðið er eftir akstursleyfi skal vera utan öryggissvæða akbrauta og flugbrauta.
- Ökumönnum er óheimilt að aka inn á stjórnað svæði, án leyfis frá flugturni.
- Þegar ekið er eftir flugvélaakbraut eða flugbraut skal ávallt aka hægra megin nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.
- Ef ökumaður villist eða verður óviss um staðsetningu sína eða akstursleyfi skal hann tafarlaust láta flugturn vita og yfirgefa svæðið á öruggt svæði með aðstoð turns.
- Bannað er að skilja ökutæki eftir mannlaust á flugbraut eða akbraut nema með leyfi flugturns.
- Bili ökutæki á flugbraut eða akbraut skal láta flugturn vita og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma ökutækinu út af brautinni.
- Ef flugbrautarskyggni (RVR, Runway Visual Range) er minna en 800 m og/eða skýjahæð lægri en 200 fet er unnið eftir verklagi um samfösun og skyggni þar sem það á við.
- Ef skyggni er minna en 550 m. er öll ónauðsynleg umferð ökutækja bönnuð. Þá skal fjöldi einstaklinga og ökutækja við vinnu á flughlaði takmarkaður að nauðsynlegu lágmarki. Sjá gildandi reglur fyrir hvern völl, um flughreyfingar í takmörkuðu skyggni.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

- Á þeim hluta flughlaðs sem snjóruðningur eða hálkuvarnir fer fram hverju sinni, er öll gangandi umferð bönnuð, aðeins nauðsynlegur akstur er leyfður og þá með sérstakri aðgæslu.

2.11. Akstur á flugvélaakbrautum og flugbrautum utan ATC tímabils

- Öll umferð utan opnunartíma er óheimil nema í neyðartilfellum og með leyfi flugvallarstjóra og er þá ökutæki í fylgd flugvallarþjónustu.

2.12. Leyfi til aksturs á flughlöðum, flugvélaakbrautum og flugbrautum á Alþjóðaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla

Leyfi til aksturs á flughlöðum, flugvélaakbrautum og flugbrautum á Alþjóðaflugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla eru eftirfarandi:

- Starfsmaður skal hafa gilda ástæðu til að þurfa á akstursheimild á flughlaði eða brautum að halda.
- Ef starfsmaður skal nota ökutæki/vinnuvél á flughlaði eða annars staðar utan flugbrauta og akbrauta skal viðkomandi ljúka rafrænu námskeiði fyrir A-réttindi. Viðkomandi fær „A“ merkt inn á aðgangsheimildakortið sitt.
- Ef starfsmaður skal nota ökutæki/vinnuvél á flugbrautum og akbrautum skal viðkomandi ljúka rafrænu námskeiði fyrir D-réttindi, verklegri þjálfun hjá eigin fyrirtæki, ásamt hæfnismati framkvæmt af Isavia. Viðkomandi fær „D“ merkt inn á aðgangsheimildakortið sitt
- Eins og getið er í umferðalögum, skal ökumaður ávallt hafa meðferðis ökuskrirteini í gildi fyrir viðkomandi ökutæki. Sama gildir varðandi aðgangsheimild, sem skilgreinir hvar viðkomandi hefur leyfi til að aka.
- Brot á öryggisreglum Isavia Innanlandsflugvalla getur valdið afturköllun aðgangsheimildar.

3. Sérstakar öryggisreglur

3.1. Dráttartæki og aðrar vinnuvélar

- Aðeins viðurkennd dráttartæki sem standast skoðun Vinnueftirlitsins og eru í lagi samkvæmt eftirliti eiganda skal nota til að draga farangurs- eða farmvagna.
- Dráttartæki skal ekki skilið eftir í gangi. Ef farið er úr sæti ökumanns skal slökkt á vél og handhemill settur á.
- Ef farangurs- eða farmvagn er tengdur frá dráttartæki skal handbremsu hans beitt.

3.2. Ræsing hreyfla og ýtingar eða dráttur loftfars

Vegna hættu sem stafar af því að setja hreyfla flugvéla í gang á stæðum, skal einungis leyfa slíkt í sérstökum tilfellum, og þá einungis að undangenginni athugun um að ræsingin valdi ekki áhættu á stæði og með leyfi frá Flugturni. Helsta ástæða þess að mótór er settur í gang á stæði er sú að flugvirkjar þurfi að gangsetja vegna prófunar eða bilunarleitar í hreyflum.

Eftirfarandi hættur geta verið til staðar þegar hreyflar eru ræstir á stæði. Þrýstiloftshætta (jet-blast) fyrir aftan mótora.

- Hætta frá innsogi hreyfla
- Aukin hávaði við hreyfla

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

- FOD hætta (aðskotahlutir).
- Hætta á að loftfar hreyfist úr stað, t.d. í hálfu.

Aðeins sérþjálfaðir starfsmenn sem hlotið hafa þjálfun í samræmi við þjálfunaráætlun afgreiðsluaðila flugrekanda, í samræmi við gildandi kröfur hverju sinni, hafa leyfi til að ýta og/eða draga loftfar.

- Slökkvitæki skal vera tiltækt við færslu loftfars.
- Aðeins viðurkennd dráttartæki fyrir viðkomandi stærð loftfars og sem standast skoðun Vinnueftirlits ríkisins, og eru í lagi samkvæmt skráðu eftirliti starfræksluaðila skal nota til að ýta eða draga loftfar.
- Svæðið sem loftfarið fer um skal vera laust við aðskotahluti, hindrunarlaust og öruggt áður en ýtt er af stað.
- Ekki skal reyna að draga loftfar eftir að hreyflar þess hafa verið ræstir.
- Sé loftfar dregið á athafnasvæði flugvallar (hlaði, akbraut eða flugbraut), skulu viðvörðunarljós (Anti collision beacon) loftfarsins loga eða rautt blikkandi hindranaljós staðsett á dráttartæki samkvæmt verklagsreglum rekstraraðila loftfarsins. Reglugerð um flugreglur nr. 770/2010 fjallar um notkun siglingaljósa (navigation lights) á athafnasvæði flugvallar.
- Hámarkshraði við drátt loftfars á hlaði, akbraut eða flugbraut skal vera 20 km á klst.


Sérstaka aðgæslu skal viðhafa þegar loftförum er lagt skal lágmarksfjarlægð á milli loftfara vera í samræmi við flokk vélarinnar (vænghaf):

A-B:3m

C: 4.5m

D-F: 7.5m

Við þjónustu loftfara skal ávallt nota tækjabúnað sem viðurkenndur er fyrir stærð þess. Notkun loftfara á APU (auxiliary power unit) er ekki heimil lengur en 20 mín. nema með undanþágu.



Hættur frá þotuhreyflum við innsog og vegna þrýstilofts.

Ákveðin öryggisvegalengd þarf að vera til staðar við þotuhreyfla. Þotuhreyflar og skrúfuþotuhreyflar mynda sog- og vindáhrif (þotublástur). Einnig er töluverður hiti sem er frá þotublæstri.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

- Starfsmenn þurfa að halda fjarlægð sem samsvarar lengd loftfarsins aftan við hreyfil í gangi. Aukin hættu er þegar aflið er aukið til að koma loftfarinu af stað, t.d. af stæði.
- Sogáhrif myndast framan við hreyflana og við 90 gráðu horn á báðum hliðum.
- Sogáhrifin geta verið allt að 7,5 metrar frá hreyflum. Starfsmenn skulu halda sig utan þess svæðis.
- Sum loftför (stærri vélar) geta haft enn stærra hættusvæði, þannig að það er alltaf mikilvægt að muna að almennt er aðgangur bannaður á loftfarastæði þegar hreyflar loftfars er í gangi

3.3. Flutningur á farþegum og farmi

Ef upp koma tilvik þar sem þarf að flytja farþega að eða frá loftfari með fólksflutningabifreið, skal nota viðurkenndar fólksflutningabifreiðar, samkvæmt öryggisreglum um fólksflutninga. Þegar blikkviti (Anti collision beacon) loftfars hefur verið slökktur eftir innkomu á stæði, eru öryggismál á stæðinu, þar á meðal ábyrgð á öryggi farþega viðkomandi loftfars og áhafnar komin á ábyrgð viðkomandi þjónustuaðila, þegar þeir stíga frá borði loftfarsins og út á stæðið.

Ganga skal þannig frá farmi og farangri til flutnings um flughlöð að ekki skapist hættu af. Ökumaður farangursvagna skal gæta þess að frágangur sé tryggur og vera minnugur þess að ökumaður er ávallt ábyrgur gerða sinna. Ef nauðsynlegt reynist að taka krappa beygju skal gera það með varúð og sérstaklega ef verið er með tengivagna í eftirdragi.

Farþega skal aðeins flytja að eða frá loftfari eftir viðurkenndum inn- og út akstursleiðum flugvallaryfirvalda

3.4. Eldsneytisáfylling loftfara

Gildandi reglugerðum skal fylgt við eldsneytisáfyllingu loftfara. Þar að auki skal fylgja nýjustu útgáfum rekstrarhandbóka alþjóðlegra olúfélaga um eldsneytisáfyllingu loftfara (Aviation Operating Standards og Joint Inspection Guidelines) eins og við á hverju sinni. Isavia Innanlandsflugvellir miða við JIG3 sem lágmarksstaðal. Þjónustuaðilar skulu hafa skýrar verklagsreglur sem tryggja rétta geymslu, meðhöndlun og dreifingu ómengaðs eldsneytis til hvers loftfars. Framkvæmdar eru reglubundnar úttektir á þjónustuaðilum. Óheimilt er að leggja í veg fyrir eldsneytisbifreið við áfyllingu loftfars, til að hann geti hindrunarlaust forðað sér. Völlurinn vinnur áfram í að dreifingaraðilar eldsneytis séu með ADR vottun og tæki sömuleiðis.

3.5. Afísing loftfara

Við afísingu loftfara skal fylgja gildandi reglugerð um afísingu. Þeir flugafgreiðsluaðilar sem hafa með höndum afísingar- og ísingarvarnarþjónustu (de-icing/anti-icing service) fyrir loftför á flugvöllum skulu hafa viðurkenndar öryggis- og vinnureglur fyrir slíka starfsemi í samræmi við gildandi kröfur hverju sinni.


Við afísingu loftfara skal einungis nota viðurkenndan búnað. Til að tryggja öryggi notenda tækjabúnaðarins á afísingarsvæðinu, skal ávallt yfirfara tækjabúnaðinn fyrir notkun. Eftirlit með ástandi ökutækja og búnaðar til afísingar skal vera í samræmi við öryggisreglur fyrir ökutæki og loftför.

Aðeins sérþjálfaðir starfsmenn skulu afísa eða ísverja loftför á flugvöllum. Sama gildir um meðhöndlun efna sem notuð eru hvort sem er til afísingu (de-icing) eða tímabundinnar ísingarvarnar (anti-icing).

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

3.6. Varasöm efni og meðferð þeirra

Varúðarráðstafanir og öryggisreglur vegna geymslu og notkunar varasamra efna skulu vera í samræmi við gildandi reglugerð um verndun starfsmanna gegn heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðvum.



Atvinnurekandi skal í samræmi við reglugerð nr. 553/2004 tryggja að starfsmenn fái nægilega og viðeigandi þjálfun í forvörnum og þekki merkingar á varasömum varningi, varúðarráðstafanir og fyrstu viðbrögð við efnaslysum.

Ef varasöm efni losna úr læðingi skal tafarlaust tilkynna það til Neyðarlínunnar í síma 112 og vaktstjóra á flugvellið. Vara skal aðra á svæðinu við hættunni.

3.7. Reglur og leiðbeiningar um efnanotkun á vinnustöðum

Reglur um efnanotkun á vinnustöðum er að finna á heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is, Sjá lög nr. 61/2013 efnalög, þar eru ákvæði um öryggisblöð, reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum og reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

3.8. Merkingar varasamra efna

Allur varasamur varningur (dangerous goods) sem fer um flugvellið skal vera merktur í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, reglugerð nr. 322/1990 um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis, reglugerð nr. 237/2014 um tækniröfur og stjórnarsýslureglur í tengslum við starfrækslu loftfara, reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi og í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þar um.



Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Allur varasamur varningur skal merktur með viðeigandi fjögurra stafa „UN“ einkennisnúmeri sem skilgreinir nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna viðkomandi varnings.

3.9. Meðferð eldfimra efna

- Meðferð eldfimra efna skal vera í samræmi gildandi lög um efni og brunavarnir.
- Reykingar, þar með taldar rafrettur, eru bannaðar á flugvöllum nema á sérstökum svæðum.
- Notkun tækjabúnaðar sem gefur frá sér neista eða eld er bannaður á áfyllingarsvæðum sbr. reglugerð 282/1980, um eldsneytisáfyllingu loftfara og reglugerð ESB nr. 139/2014 á öðrum svæðum flugvallarins s.s. á flughlaði, nema við öruggar aðstæður og þá með samþykki vaktstjóra Flugvallarþjónustu eða fulltrúa hans.
- Sérstök varúð skal viðhöfð í nálægð við loftfar þegar eldsneytisáfylling fer fram.
- Atvinnurekendur skulu tryggja að allir starfsmenn á flughlöðum hafi lokið námskeiði um verklagsreglur, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum og eldsvoða.
- Þjónustuaðili viðkomandi loftfars skal ávallt sjá til þess að viðurkennt slökkvitæki sé við loftfar á stæði, eitt slökkvitæki er talið nægjanlegt milli tveggja loftfara ef stæðin eru samliggjandi.

3.10. Viðbrögð við neyðarástandi

Skapist neyðarástand skal tafarlaust tilkynna það til Neyðarlínu í síma 112, flugturnsins og flugvallarþjónustu flugvallarins, aðvara síðan alla sem eru í hættu, rýma svæðið og taka á mótí björgunarliði með leiðbeiningum eftir föngum.

Í grein 4.6 hér að framan er tilgreind ábyrgð forstöðumanna um þjálfun starfsfólks, öryggismál, forvarnir og viðbrögð við slysum eða eldsvoða. Notkun slökkvitækja og annars öryggisbúnaðar, staðsetning neyðarrofa til að stöðva eldsneytisáfyllingu, staðsetning brunaboða og hlutverk öryggisfulltrúa eru grundvallaratriði sem allir starfsmenn verða að þekkja.

Upplýsingar um neyðarútganga og viðbrögð við neyðarástandi skulu hanga uppi á áberandi stöðum á hverjum vinnustað á flugvöllum.

4. Framkvæmdir og viðhald á flugvallarsvæði

Allar framkvæmdir eru óheimilar innan flugvallarsvæðis nema með leyfir flugvallarstjóra. Þegar slíkt leyfi hefur verið gefið, skal farið ítarlega yfir *HB500 04 Öryggisreglur fyrir verklegar framkvæmdir á flugvöllum* með framkvæmdaraðila. Tilkynna skal allar hindranir sem áætlað er að reisa í og við flugvöllinn til rekstraraðila flugvallarins. Ávallt þarf að hafa skipulagsreglur flugvallarins í huga þegar framkvæmdir, breytingar o.s.frv. eru fyrirhugaðar innan og utan við flugvallarsvæðis. Allar breytingar fara í gegnum breytingastjórnun.

4.1. Viðhald og viðgerðir á loftförum utandyra

Hvar sem viðgerð eða viðhald á loftfari fer fram skal forðast að eldsneyti, olía eða þrýstivökvi nái að menga umhverfið. Tafarlaust skal hreinsa upp það sem niður fer og óska eftir aðstoð Flugvallarþjónustu flugvallarins.

Flugafgreiðsluaðilar eru ábyrgir fyrir öryggi og hreinlæti á því svæði sem þeir starfa á hverju sinni.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Við viðhaldsvinnu á loftfari utandyra er þjónustuaðili ábyrgur fyrir því að farið sé eftir viðeigandi öryggis-/verklagsreglum og reglugerðum hverju sinni.

4.2. Vinnupallar og öryggismál

Vinna á vinnupöllum á flugvöllum skal vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og fræðslu og leiðbeiningarrit vinnueftirlitsins, Vinna í hæð - Fallvarnir.

Við tímabundna vinnu úr lyftikörfu, skal fara eftir leiðbeiningum vinnueftirlitsins um vinnuvernd að lyfta fólki með lyftara.

Vinnupallar, körfubifreiðar, lyftarar og allur búnaður sem nota skal við tímabundinna vinnu skal uppfylla öll öryggisatriði sem sett eru í ofan skráðum reglugerðum og leiðbeiningum eins og vinnueftirlitið gerir kröfu um.

5. Eldsneytisbirgðastöðvar

Eldsneytisbirgðastöðvar á alþjóðaflugvöllum og flutningar eldsneytis að þeim skal vera í samræmi við gildandi reglugerð um eldfima vökva, gildandi reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og gildandi reglugerð um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva.

Takmarka skal umferð gesta inn á afgirt svæði eldsneytisbirgðastöðva á flugvöllum og enginn óviðkomandi skal vera þar án eftirlits.

Ávallt skal halda hreinum olíuskiljum sem hirða eldsneyti sem gæti farið niður á svæðinu ásamt niðurföllum og leiðslum að slíkum skiljum.

Rekstraraðilar skulu óska eftir heimild frá Heilbrigðiseftirlitinu og frá flugvallarstjóra ef koma þarf fyrir færanlegum eldsneytisvagni. Staðsetning og heimild skal vera skráð hjá umdæminu.

Eldsneytistunnur eru með öllu óheimilar á flugvöllum Isavia Innanlandsflugvalla nema með leyfi umdæmisstjóra.

5.1. Viðbrögð við umhverfisslysi eða eldsneytisleka

Verði eldsneytisleki við áfyllingu loftfars skal tafarlaust tilkynna það til Flugvallarþjónustu í síma. sem hefur samband við Neyðarlínuna í síma 112, ef þurfa þykir. Stöðva skal dælingu eldsneytis. Vara skal alla á svæðinu við eldhættu og rýma svæðið í átt á móti vindi. Uppgufun frá eldsneyti berst með vindi og því er áriðandi að vélar séu ekki hafðar í gangi undan vindátt eða eitthvað það sem kveikt gæti í eldfimum gufum.

Standi ökutæki með vél í gangi á loftfarastæðinu má aka því stystu leið frá eldsneytinu þvert á vindátt. Ekki skal gangsetja ökutæki á stæðinu til að koma því burt. Ef tilkynningarskyld óhapp verður við áfyllingu eða dreifingu eldsneytis eða meðferð annarra hættulegra efna skal það tilkynnt til flugvalarþjónustu og viðeigandi yfirvalda. Ef hreinsunarvinnan er yfir getu rekstraraðila/flugvallarþjónustu, skal vaktstjóri kalla til slökkviliðsins.

Aðstoða skal starfsfólk við að beina umferð frá svæðinu.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

6. Vinnuvernd og heilsugæsla

Forstöðumenn fyrirtækja og deilda á flugvöllum eru ábyrgir fyrir því, að farið sé að lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, með síðari breytingum, ásamt því að halda uppi markvissu forvarnarstarfi, vinnustaðaeftirliti og þeim ákvæðum sem þar koma fram. Áhættumat starfa skal liggja fyrir og vera aðgengilegt öllu starfsfólki á flugvöllum. Óheimilt er að starfa á flugvöllum undir áhrifum áfengis, geðvirkra efna eða lyfja sem geta haft áhrif á getu viðkomandi og þannig stofnað öryggi í hættu. Þau fyrirtæki sem starfa á flugvöllum skulu setja reglur er varða neyslu áfengis, geðvirkra efna og lyfja.

Í II. kafla laganna, 5. grein segir að þar sem starfsmenn séu 10 eða fleiri, skuli atvinnurekandi tilnefna einn öryggisvörð af sinni hálfu og starfsmenn annan úr sínum hópi, sem öryggistrúnaðarmann. Þeir skuli í samvinnu fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við umrædd lög. Í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa tvo fulltrúa úr sínum hópi og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins. Frekari tilgangur nefndarinnar sem og fulltrúa hennar er skilgreindur í lögnum.

Í samræmi við 23. grein laga nr. 75/2000, um brunavarnir, skal eldvarnaeftirlit fyrirtækja og stofnana á flugvöllum vera á ábyrgð eiganda mannvirkis og fyrir eigið fé. Hér er átt við eldvarnaeftirlit sem eigendur og forráðamenn eða sérþjálfaðir starfsmenn þeirra annast eða aðilar á þeirra vegum, t.d. þjónustufyrirtæki eða sjálfstætt starfandi eldvarnaeftirlitsmenn.

7. Úttektir

Isavia Innanlandsflugvellir framkvæmir meðal annars úttektir á rekstrar- og þjónustuaðilum flugvalla. Markmið slíkra úttekta er að tryggja að til staðar séu viðeigandi heimildir og réttindi, viðhalds- og þjálfunaráætlanir, tækjabúnað, tilkynningakerfi, öryggisreglur og önnur verklagsfyrirmæli, og að þeim sé fylgt eftir. Listinn er ekki tæmandi.

Að úttekt lokinni er haldinn lokunarfundur frávíka, u.þ.b. þremur mánuðum síðar, til að tryggja framvindu og lokun frávíka. Ef fyrirséð er frávíki verði ekki lokið innan tilskilins tíma þarf að óska eftir fresti.

8. Öryggisáætlanir flugvallanna

Í samræmi við reglugerð ESB nr. 139/2014 skipuleggur og innleiðir Isavia Innanlandsflugvellir öryggisáætlanir sem miða að því að stuðla að öryggi á flugvöllum. Áætlanirnar eru hluti af öryggisstjórnunarkerfi flugvallarins og framkvæmd þeirra fer fram í gegnum samráðshópa og daglegt eftirlit. Þær ná yfir eftirfarandi meginatriði:

8.1. Flugbrautaröryggi (Runway Safety)

Markmið: Lágmarka líkur á brautarátroðningi

Aðgerðir: Rýni atvika, skilgreining og endurskoðun Hot spots, fræðsla, merkingar og verklagsbreytingar.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

Framkvæmd: Samráðshópur um flugbrautar- og hlaðöryggi fundar reglulega og fer yfir atvik og fylgir eftir úrbótum og árangri.

8.2. Öryggi á hlaði (Apron Safety)

Markmið: Tryggja öryggi á flughlaði og draga úr slysum og hættu af aðskotahlutum.

Aðgerðir: Rýni atvika, FOD-forvarnir, umferðaröryggi, búnaður, þjálfun og verklagsrýni.

Framkvæmd: Samráðshópur um flugbrautar- og hlaðöryggi fundar reglulega og fer yfir atvik og fylgir eftir úrbótum og árangri.

8.3. FOD-forvarnir (Foreign Object Debris Prevention)

Markmið: Minnka hættu af aðskotahlutum á flugbrautum og flughlaði.

Aðgerðir: Reglulegt eftirlit, fræðsla, skráning og úrvinnsla FOD-atvika.

Framkvæmd: Fylgt eftir í samráðshópi og í daglegu eftirliti.

Öll þessi atriði eru hluti af öryggisstjórnunarkerfi (SMS) Innanlandsflugvalla. Framkvæmd og eftirfylgni fer fram í samráði við viðkomandi stjórnendur og samráðshópa. Fundargerðir og tillögur eru skráðar og vistaðar í samræmi við verklagsreglur.

Öryggisreglur Alþjóðaflugvalla BIRK, BIAR og BIEG

9. Viðaukar BIRK

Vegna nálægðar við flugbraut og skuggasvæðis frá flugturni, verður öll gangandi umferð farþega (án aðgangsheimilda) óheimil vestan megin við skýli 8 og gamla flugturns. Þetta á við hvort sem viðkomandi farþegar eru í fylgd aðgangskorthafa eða ekki. Rekstraraðilar sem þurfa að koma farþegum sínum á milli norður og suður (skýli 1) skulu nota öruggari leið landside og inn/út um viðeigandi gönguhlið (grænar örvar á mynd).

